

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Matorka ehf Hraun (i5), Grindavík



Umhverfis-  
og orkustofnun

|                     |                               |                         |                |
|---------------------|-------------------------------|-------------------------|----------------|
| Dags eftirlits      | 4.7.2025                      | Ábyrgðarmaður eftirlits | Freyr Ævarsson |
| Fyrirtæki           | Matorka ehf                   | Eftirlitsmaður          | Freyr Ævarsson |
| Heimili             | Reitur I5, vestan Grindavíkur | Tegund eftirlits        | Reglubundið    |
| Kennitala           | 500412-0540                   | Flokkur                 | Fiskeldi       |
| Fulltrúi fyrirtækis | Cees-Jan Bastiaansen          | ÍSAT nr.                | 03.21.0        |
| Fulltrúi fyrirtækis |                               | Staðsetning             |                |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Fullnægjandi umhverfisupplýsingum fyrir árið 2024 var ekki skilað á tilskildum tíma. 2) Fosfórlösun árið 2024 var umfram heimild í starfsleyfi. 3) Hindra þarf að fuglar sæki í útrás stöðvarinnar og hafist við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila.

Tvær ábendingar voru settar fram: 1) Upplýsingar um fosfórinnihald í fóðri skulu fylgja ársyfirliti. 2) Ítrekuð er ábending um að áætlun um endurnýtingu fastefnis úr frárennsli er ekki til staðar.

Tvö eldri frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram. Annars vegar um að útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 hafði ekki verið skilað og hins vegar þess efnis að krafa er um hreinsun frárennslisvatns sem nú rennur óhreinsað til sjávar.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Matorku, Hrauni (i5). Matorka Hrauni er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun og gildir til 8. október 2036.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Þrjú frávík komu fram í síðasta eftirliti, árið 2024. Tveimur þeirra var lokað í bréfi dags. 16. ágúst 2024 en frávík varðandi að útstreymisbókhaldi hafði ekki verið skilað var enn opið. Auk þess var opið frávík sem kom fram í eftirliti árið 2021 og varðar að frárennslisvatn rennur óhreinsað til sjávar.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Ársyfirliti fyrir árið 2024 var skilað þann 27. mars 2025. Rekstraraðila er bent á að láta upplýsingar um fosfórinnihald í fóðri koma fram í yfirlitinu. Fullnægjandi umhverfisupplýsingum fyrir árið 2024 var ekki skilað á tilskildum tíma, þ.e. fyrir 1. maí 2025 og því skráð frávík þar um. Þeim hluta sem áður hét grænt bókhald var skilað þann 31. mars 2025 en fullnægjandi upplýsingum sem áður komu fram í útstreymisbókhaldi var skilað þann 8. júlí 2025. Frávíkinu er því lokað. Þann 8. júlí 2025 var fullnægjandi umhverfisupplýsingum fyrir árið 2023 skilað og eldra frávíki vegna þeirra skila er því lokað. Sýni voru tekin úr frárennsli stöðvarinnar tvisvar árið 2024 eins og krafa er um í starfsleyfi. Fosfórlösun árið 2024 var, samkvæmt útreikningum sem tóku mið af fóðurnotkun, 10,2 kg á hvert tonn af lífmassaaukningu sem er umfram heimild í starfsleyfi og er því skráð frávík þar um. Tryggingaskírteini er til staðar sem staðfestir að rekstraraðili er með gilda tryggingu skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Engar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti.

- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Hingað til hafa gögn frá rekstraraðilum í sumum tilfellum einungis verið rýnd áður en farið er í vettvangsheimsókn en það verklag hefur getað orðið til þess að gögn

hafa beðið hjá stofnuninni í allt að þrjú ár án þess að þau hafi verið rýnd.  
Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum til kynningar.

#### 5. Önnur mál

Rekstraraðili hefur leyfi til vatnstöku, úr borholum og gjá á lóðinni, allt að 4.300 l/sek en notkunin er mun minni en leyfi er fyrir. Stefnt er á að auka vatnstöku úr gjánni sem hefur verið notuð og draga á móti úr því magni sem dælt er upp úr borholum.

#### 6. Skoðunarferð

Gengið var um lóð rekstraraðila. Þegar eftirlitið fór fram voru þrjú ker ónothæf vegna skemmda sem urðu á þeim í jarðhræringum. Til stendur að gera við þau á næstu mánuðum og taka þau í gagnid aftur. Olíugeymar á svæðinu eru tvöfaldir og árekstravarnir við þá eru fullnægjandi. Bent var á í eftirliti ársins 2024 að hindra þyrfti aðgang fugla að útrás stöðvarinnar og að þeir hefðust við eða tækju sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Enn sækir talsvert af fugli í útrás stöðvarinnar og er því skráð frávik vegna þess. Eldra frávik sem varðar að hreinsa skal frárennslisvatn áður en því er veitt til sjávar er enn opið. Samkvæmt bréfi Umhverfisstofnunar dags. 31.10.2022 er undanþága frá hreinsun í gildi á meðan lífmassi í stöðinni er innan við 1.500 tonn. Ábendingu sem var sett fram í eftirliti árið 2024, varðandi áætlun um endurnýtingu fastefnis, verður ekki fylgt eftir fyrr en hreinsun frárennslisvatns hefst.

| Frávik frá            | Lýsing á fráviki                                                                                                     |
|-----------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Gr. 4.5 í starfsleyfi | Fullnægjandi umhverfisupplýsingum fyrir árið 2024 var ekki skilað á tilskildum tíma.                                 |
| Gr. 3.4 í starfsleyfi | Fosfórlosun árið 2024 var umfram heimild í starfsleyfi.                                                              |
| Gr. 3.8 í starfsleyfi | Hindra skal að fuglar sæki í útrás stöðvarinnar og hafist við, eða taki sér bólfestu, á athafnasvæðum rekstraraðila. |


## ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu, annars vegar um að upplýsingar um fosfórinnihald í fóðri skulu fylgja ársyfirliti og hins vegar er ítrekuð ábending um að áætlun um endurnýtingu fastefnis úr frárennsli er ekki til staðar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.08.2025

  
Freyr Ávarsson